

Eyjafjarðarsveit
Skólatröð 9
601 AKUREYRI

Garðabær, 18. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0013/14
SS

Efni: Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar og deiliskipulagi vegna hótéluppbyggingar við Ytri-Varðgjá.

Vísað er í tölvupóst frá sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar í gegnum skipulagsgátt, dags. 9. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030. Breytingin lýtur að stækkun verslunar- og þjónustusvæði VP22 við Ytri-Varðgjá. Einnig var í öðrum tölvupósti óskað eftir umsögn um deiliskipulagstillögu vegna hótéluppbyggingar innan sama verslunar- og þjónustusvæðis. Er málunum tveimur svarað hér í sameiginlegri umsögn.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um drög að báðum skipulagstillögum þann 6. júlí 2023. Flestar athugasemdir sem þar koma fram eiga enn við. Í þeirri umsögn kom fram að svæðið þar sem hótéluppbyggingin er áætluð hafi ekki sérstaklega hátt verndargildi út frá náttúruverndarsjónarmiðum, enda ræktað land að nær öllu leyti og einkum skógræktarsvæði. Þó finnast þar graslendisvistgerðir með nokkuð hátt verndargildi, en ekki er um stórt svæði að ræða. Uppbyggingin mun einnig raska búsvæðum lífvera t.d. fugla, sér í lagi sem nýta sér ræktaða skóga, og skerða að einhverju leyti útivistargildi skógræktarsvæðisins. Því er mikilvægt að halda raski í lágmarki eins og hægt er.

Gert er ráð fyrir landfyllingu, hún er mun smærri en upphaflega en gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir, sem er jákvætt. Engu að síður þarf að huga vel að áhrifum landfyllingar á lífríkis, einkum fuglalíf. Taka þarf tillit til þess á framkvæmdatíma. Þá er grundvallaratriði að áformaðar breytingar á fyrirkomulagi fráveitu, þ.e.a.s. nýtt hreinsivirki, verði að veruleika sem allra fyrst því ljóst er að aukin umsvif á svæðinu munu auka álag á fráveitu.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

